

**20** festar eftir því, sem lög mæla fyrir. Fjárhæð slíkra lána má ekki nema meiru  
27. júní en helmingi stofnkostnaðar eða aukningar.

5. gr.

Lán eftir e-lið 1. gr. má ekki veita nema hlutaðeigandi hreppsfjelag hafi sett reglur um bústofnslánadeildina, sem atvinnumálaráðherra hefir staðfest, og skal vera heimilt að kveða svo á í reglum þessum, að tekjur bústofnslánadeildarinnar megi taka lögtaki. Atvinnumálaráðuneytið lætur hreppsnefndum í tje fyrirmynd að slíkum reglum, og hefir heimild til að setja frekari reglur um lán þessi, ef þurfa þykir.

6. gr.

Að jafnaði má ekki veita hærri lán úr Bjargráðasjóði í neina sýslu eða kaupstað en sem svarar hluta þeirra í sjereigninni og hinum sameiginlega sjóði.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Magnús Guðmundsson.*

**21**  
27. júní

**L Ö G**

um

**breyting á lögum nr. 86, 14. nóv. 1917, um fiskiveiðasamþyktir og lendingarsjóði.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sama vald veitist bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar, enda nái öll

ákvæði þessara laga um sýslunefndir og sýslufjelög einnig til bæjarstjórnar og **21**  
bæjarfjelags Vestmannaeyja. **27. júní**

2. gr.

Í stað „5—500“ í 8. gr. komi: 25—500.

3. gr.

Á eftir síðustu málsgrein 10. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Lög nr. 23, 9. júlí 1909, um viðauka við lög 14. des. 1877, nr. 28, um ýmisleg ákvæði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lög 10. nóv. 1905, nr. 53, um viðauka við nefnd lög.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Magnús Guðmundsson.*

## FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1924.

**22**  
**27. júní**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Til viðbótar við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árið 1924, eru veittar kr. 40973.07 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru hjer á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun og heilbrigðismál) eru veittar kr. 300.00.

Til læknisvitjana í Breiðdalshreppi 1923 ..... kr. 300.00